



# Skýrsla sérfræðingateymis um málefni barna með fjölbættan vanda

Yfirlit yfir mál sem teymið hafði  
til umfjöllunar árin 2021–2023



## Efnisyfirlit:

1. Inngangur – ágrip	3
2. Forsaga	4
3. Hlutverk og starfsemi sérfræðingateymisins	5
4. Greining tilvísana sem bárust teyminu árin 2021 –2023	6
5. Nánari greining á tilvísunum og gögnum sem lögð voru til grundvallar álits teymisins	13
6. Niðurlag	16
7. Heimildaskrá	17
8. Viðaukar	18





## 1. Inngangur – ágrip

Málefni barna með fjölbættan vanda hafa verið mjög til umræðu á undanförnum mánuðum og árum. Hinir flóknu erfiðleikar sem börnin glíma við skapa miklar áskoranir fyrir fjölskylduna í heild sinni, sem og þjónustuveitendur en oft þarf aðkomu margra aðila með ólíka nálgun, frá mismunandi þjónustukerfum. Þegar vandi þessara barna var ávarpaður í skýrslu árið 2013, var áætlað að um 8–12 börn væri að ræða á hverju tímabili. Nú er talið að þau séu mun fleiri eða í kringum 130 börn.

Í eftirfarandi skýrslu er farið yfir tölulegar upplýsingar um þau börn og ungmenni, sem sérfræðingateymi um málefni barna með fjölbættan vanda fjallaði um árin 2021–2023. Alls fjallaði teymið um málefni 58 barna á tímabilinu. Drengir voru í miklum meirihluta eða um þrír fjórðu allra tilvísana til teymisins. Börnin voru á breiðu aldursibili eða á aldrinum 9–18 ára þegar tilvísun barst en flest á aldrinum 15–18 ára. Langflest börnin voru af íslenskum uppruna. Meirihluti tilvísana var frá Reykjavík eða öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Hatt hlutfall barnanna hafði beitt aðra í nærumhverfi sínu ofbeldi og meirihluti þeirra orðið fyrir einhvers konar ofbeldi og/eða vanrækslu. Rúmur þriðjungur barnanna hafði valdið sjálfum sér skaða eða gert tilraunir til þess. Mörg barnanna höfðu farið í gegnum greiningarferli varðandi hegðun, þroska og líðan hjá opinberum greiningaraðilum. Flest barnanna voru með fleiri en eina greiningu. Algengast var að þau væru greind á einhverfurófinu og/eða með ADHD en hluti þeirra einnig með lyndisraskanir, tengslaraskanir og/eða þroskahömlun. Meira en helmingur barnanna var þegar kominn í búsetu eða fóstur utan heimilis þegar tilvísun barst. Í meirihluta tilvika mælti sérfræðingateymið með búsetu utan heimilis, ýmist varanlegri eða tímabundið.

Vistun utan heimilis er mikið inngríp í líf barns og fjölskyldu en á sama tíma eru erfiðleikar á heimili barns stundum orðnir það miklir að úrræði innan heimilis eru talin vera fullreynd, að minnsta kosti tímabundið. Fjölskyldur barnanna hafa oft verið undir langvarandi á lagi og þess eru dæmi að foreldrar og jafnvel systkini glími við langvarandi heilsubrest sem rekja má til aðstæðna heima fyrir. Teymið leggur iðulega til að barn sem er vistað utan heimilis eigi kost á eins mikilli nálægð og næveru við fjölskyldu sína og kostur er á. Ennfremur leggur teymið alltaf til að búseta barns utan heimilis sé endurskoðuð reglulega með tilliti til aðstæðna og þarfa hverju sinni.

Frá upphafi hafa flestar tilvísanir komið frá barnaverndaryfirvöldum en þjónusta við börnin iðulega verið á höndum margra aðila frá mismunandi þjónustukerfum. Oft hefur barni og fjölskyldu þess verið veitt langvarandi þjónusta, þar sem margvísleg úrræði hafa verið reynd. Hins vegar má sjá að oft er skortur á heildstæðum úrræðum, þekkingu, reynslu og/eða mannafla til þess að þjónustan beri tilætlaðan árangur. Það er mat teymisins að þörf sé á markvissari og þekkingarmiðaðri þjónustu frá upphafi með aðkomu allra þjónustukerfa, svo sem félags-, heilbrigðis- og menntakerfis, sbr. þá áherslu sem fram kemur í lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Þá er mikilvægt að þriðja stigs sérfræðiþjónusta sé til stuðnings og ráðgjafar eftir því sem þörf er á.

## 2. Forsaga

Í skýrslu nefndar frá nóvember 2013, sem hafði það verkefni að samhæfa þjónustu ríkis og sveitarfélaga við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir, var fjallað um þann hóp barna sem síðar hefur oft verið nefndur „börn með fjölbættan vanda”. Í þeirri skýrslu er börnunum lýst þannig að þau séu:

„með flókna og umfangsmikla erfiðleika; með þroskaróskun, geðróskun og hegðunarvanda ... Hér er átt við börn sem vegna alvarlegra þroskaraskana, frá því snemma í bernsku, sýna erfiða og flókna hegðun sem getur komið í veg fyrir áframhaldandi eðlilegan persónuþroska. Börnin hafa þróað með sér geðræn einkenni og stundum alvarlega geðsjúkdóma. Hegðun þeirra er mjög truflandi, óutreiknanleg og stundum skaðleg bæði barni og umhverfi. Reynst hefur erfitt að sinna þessum börnum í skóla eftir hefðbundnum stuðningsleiðum, iðulega ljúka þau ekki skólaskyldu og mörg þeirra verða einangruð frá jafnoldum. Sum leiðast út í fíkniefnaneyslu og sækja í óæskilegan félagsskap”.

Í skýrslunni var lagt til að sveitarfélög skipuðu hverju barni málstjóra, samfella yrði tryggð í sérhæfðri geðheilbrigðispjónustu og sérhæfðri ráðgjöf auk þess sem stofnað væri sjálfstætt og óháð teymi sérfræðinga sem veitti sveitarfélögum ráðgjöf um hvernig þjónustu við þennan hóp barna og fjölskyldur þeirra væri best háttáð. Hlutverk teymisins væri annars vegar að veita sveitarfélögum ráðgjöf um þjónustu og stuðningsúrræði svo koma mætti í veg fyrir að barn þyrfti að flytja að heiman í sérútbúið úrræði og hins vegar að meta hvort að barn þyrfti að flytjast í slíkt úrræði. Nefndin mat að áttá til tólf börn á hverjum tíma gætu verið í þörf fyrir kostnaðarsöm búsetuúrræði með sérhæfðum stuðningi. Teymið væri skipað í eitt ár til að byrja með (tilraunaverkefni) og vistað hjá þáverandi velferðarráðuneytinu. Nefndin komst jafnframt að þeirri niðurstöðu að þjónusta við þennan hóp barna ætti í meginatriðum heima innan þjónustukerfis fatlaðs fólks en með því væri tryggt að þjónusta við þau héldi áfram eftir að þau hefðu náð fullorðinsaldri. Barnaverndarúrræði væru lögum samkvæmt tímabundin og það ylli því að börnin færu á milli mismunandi úrræða í stað þess að útbúin væru einstaklingsbundin búsetuúrræði þar sem þjónustan tæki mið af þörfum barnsins og gæti varað fram á fullorðinsárá.

Í ágúst 2014 voru eftirfarandi skipaðir í sérfræðingateymi: María Rúnarsdóttir félagsráðgjafi og formaður teymisins, Páll Magnússon sálfraðingur og Steingerður Sigurbjörnsdóttir barnalæknir. Teymið starfaði aðeins í tæpt ár en miðlun persónuupplýsinga ráðuneytisins til teymisins var ekki talin samræmast lögum um persónuvernd nr. 77/2000. Sex málum var vísað til teymisins á tímabilinu og lauk það vinnslu þriggja mála. Formaður sérfræðingateymisins nefndi að fólk áttaði sig ekki á tilgangi teymisins og þegar komið hefði í ljós að hvorki fjármögnun né aðgengi að úrræðum væru á forræði þess hefði dregið úr hvatanum að vísa málum til teymisins. Jafnframt var reynslan sú að í öllum málum sem vísað var til teymisins var þegar búið að taka ákvörðun um að barnið þyrfti að flytjast að heiman í sérniðið úrræði þegar leitað var ráðgjafar teymisins.

Árið 2018 voru sett lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Í 20. gr. þeirra laga er fjallað um ráðgjöf vegna barna með fjölbættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir. Í 1. mgr. ákvæðisins segir að ráðuneytið skuli skipa sérfræðingateymi vegna barna með fjölbættan vanda og barna sem vegna fötlunar sinnar þurfi annars konar og meiri þjónustu en unnt er að veita á heimili fjölskyldna þeirra. Teymið skal vera sveitarfélögum til ráðgjafar vegna þjónustu og úrræða og ákváðar jafnframt hvort barn þarfnið samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk, á grundvelli barnaverndarlagar eða hvorra tveggja laganna. Teymið hefur heimild til að afla og vinna með nauðsynlegar upplýsingar um heilsu og stöðu barns, þ.m.t. niðurstöður greininga og mat á þörfum þess, sem og upplýsingar um aðstæður fjölskyldu þess. Tilgangur vinnslunnar er að teymið geti lagt heildstætt mat á stöðu og þjónustuþarfir barns, sinnt ráðgjafarhlutverki sínu gagnvart sveitarfélögum og tekið ákvörðun um hvaða úrræða barnið þarfnið, sbr. 2. mgr. 20. gr. laganna.

### **3. Hlutverk og starfsemi sérfræðingateymisins**

Í október árið 2020 endurskipaði þáverandi félags- og barnamálaráðherra sérfræðingateymi sem skyldi vera sveitarfélögum til ráðgjafar um viðeigandi þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir sem þurfa á annars konar og meiri þjónustu að halda en unnt er að veita á heimili fjölskyldna þeirra í samræmi við 20. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Eftirfarandi voru skipaðir í teymið: Guðrún Þorsteinsdóttir, sviðsstjóri hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (nú Ráðgjafar- og greiningarstöð) en hún er jafnframt formaður teymisins, Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, yfirlæknir á barna- og unglingsageðdeild Landspítalans (nú starfandi á Geðheilsumiðstöð barna), Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri vel-ferðarsviðs Reykjavíkurborgar, og Halldór Hauksson, sviðsstjóri hjá Barnaverndarstofu (nú Barna- og fjölskyldustofu). Sérfræðingateymið tók formlega til starfa í desember 2020. Halldór hætti síðar í teyminu og í stað hans var skipuð Hjörðís Auður Árnadóttir, sálfræðingur hjá Barna- og fjölskyldustofu.

Með teyminu hafa starfað sérfræðingar hjá Barna- og fjölskyldustofu, Sandra Guðlaug Zarif sálfræðingur og Ásdís Ásgeirs dóttir lögfræðingur og annast m.a. ráðgjöf og móttöku umsókna, skráningu og utanumhald gagna, boðun funda og samskipti við tilvísendur. Í ágúst 2022 tók Martin Bruss Smedlund sálfræðingur við af Söndru. Síðar tók Þorbjörg Sveinsdóttir sálfræðingur við af honum. Frá október 2024 hefur Martin setið fundi teymisins fyrir hönd Barna- og fjölskyldustofu eftir þörfum, í fjarveru Hjörðísar Auðar Árnadóttur.

Jafnframt hefur teymið regluleg samskipti við tengilið sinn í mennta- og barnamálaráðuneytinu, þór Hauksson Reykdal, verkefnastjóra til að leita ráða og spegla verkefni teymisins.

#### **Hlutverk teymisins er tvíþætt:**

- Að veita sveitarfélögum ráðgjöf við mat á þjónustuþörf og viðeigandi þjónustu, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 38/2018.
- Að leggja mat á hvort þjónusta við barn á heimili fjölskyldu þess eða öðru heimili í nærsamfélagi þess sé fullreynnd og þörf sé fyrir vistun utan heimilis í sérsniðnu úrræði, skv. 20. og 21. gr. laga nr. 38/2018.

Áður en leitað er ráðgjafar sérfræðingateymis skal liggja fyrir heildstætt mat á þjónustuþörf barns og einstaklingsbundin þjónustuáætlun. Jafnframt er gert ráð fyrir að barni hafi verið veittur viðeigandi stuðningur s.s. skammtímadvöl og/eða annar stuðningur í samræmi við þarfir þess, með það að markmiði að barn getið búið heima, sbr. lög nr. 38/2018.

Teymið hefur haft fasta fundartíma vikulega í 1,5 klst. í senn til að fjalla um þau einstaklingsmál sem liggja fyrir. Fyrstu mánuðina voru fundir jafnframt nýttir til að móta verklag (viðauki 1), útbúa kynningarbréf (viðauki 2) og tilvísunareyðublað (viðauki 3) fyrir sveitarfélögin. Samhliða þeirri vinnu fundaði teymið nokkuð þétt um hlutverk sitt fyrstu mánuðina bæði innanbúðar og með starfsmönnum félagsmálaráðuneytisins (nú mennta- og barnamálaráðuneyti). Sérfræðingateymið hefur haldið nokkra starfsdaga til samræmingar og fræðslu.

Þess má geta að ekki liggur fyrir formleg skilgreining í lögum á því hvað felst í fjölfættum vanda barna og ungmenna. Frá upphafi hefur því verið lögð áhersla á að skoða hverja tilvísun út frá því hvort hún falli undir verksvið teymisins, t.d. ástæðu tilvísunar, helstu bakgrunnsbreytur, hvers eðlis vandin er, hvaða þjónustuaðilar hafa komið að málum og hvaða íhlutun hefur verið reynd. Teymið mat að þetta væri mjög mikilvægt til þess að geta betur áttað sig á hópnum, samsetningu og þörfum hans. Teymið hefur í þessu sambandi meðal annars tekið til umfjöllunar tilvísanir þar sem ekki eru til staðar skýrar vísbendingar um undirliggjandi frávik í þroska eða heilsu en mikill vandi til staðar sem krefst sérfræðiþjónustu. Er þar helst um að ræða mál sem hafa fyrst og



fremst verið unnin af barnaverndaryfirvöldum og undirliggjandi vandi barnanna virðist liggja í afleiðingum vanrækslu og skertra tengsla í frumbernsku.


Á hverju ári hefur teymið skilað skýrslu til viðkomandi ráðuneytis (nú mennta- og barnamálaráðuneytis) með yfirliti yfir fjölda málá og öðrum tölulegum upplýsingum. Þær upplýsingar hafa m.a. verið nýttar við ákvarðanir um dreifingu fjármagns frá ríkinu til þeirra sveitarfélaga sem hafa haft mikinn kostnað vegna vistunar barna utan heimilis.

Upplýsingar frá teyminu hafa einnig komið að gagni við að kortleggja hópinn betur, bæði hvað varðar fjölda og þarfir, eins og kemur fram í skýrslu stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölbættan vanda, sem var gefin út árið 2023 og skýrslu um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk, sem kom út árið 2024. Í fyrn nefndu skýrslunni var fjöldi barna og ungmenna með fjölbættan vanda áætlaður 127 á hverjum tíma, sem er mikil fjölgun frá því sem upphaflega var áætlað en árið 2013 var talið að um 8–12 börn væru með fjölbættan vanda hverju sinni, eins og áður er nefnt.

Jafnframt ber að geta þess að í skýrslum um úttekt Umboðsmanns Alþingis á starfsemi Klettabæjar og Vinakots, sem komu út árið 2024, er sérfraðingateymið nefnt. Þar er undirstrikað að í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 komi fram að teymið eigi að ákvarða hvort barn þarfist úrræða samkvæmt þeim lögum, á grundvelli barnaverndarlaga (nr. 80/2002) eða hvorra tveggja laganna. Einnig er áréttuð að vistun barna með fjölbættan vanda utan heimilis skuli ávallt borin undir sérfraðingateymið.


## 4. Greining tilvísana sem bárust teyminu árin 2021–2023

- Á árunum 2021 til 2023 bárust teyminu 59 tilvísanir, þar af bárust tvær tilvísanir vegna eins barns og því um 58 börn að ræða. Jafnframt átti teymið fund með þremur sveitarfélögum til ráðgjafar í jafnmögum málum án þess að formleg tilvísun bærist.
- Meirihluti barna sem vísað var til teymisins voru drengir, alls 44 eða um 76%, á meðan stúlkur voru alls 14 eða um 24%. Börnin voru á aldrinum 9–17 ára þegar tilvísun barst. Þar af voru sex börn (10%) á aldrinum 9–11 ára, 19 börn (33%) á aldrinum 12–14 ára og 33 börn (57%) á aldrinum 15–18 ára. Mynd 1 sýnir aldurs- og kynjaskiptingu barnanna.







- Langflest börnin voru af íslenskum uppruna eða 50 börn (86%). Alls voru 8 börn (14%) af erlendum uppruna, þ.e. annað eða báðir foreldrar erlendir. Á mynd 2 má sjá nánari upplýsingar um bakgrunn barnanna.



- Eins og sjá má á mynd 3 bárust flestar tilvísanir frá barnaverndarþjónustum eða 40 talsins (68%) en 19 tilvísanir (32%) bárust frá félagsþjónustum sveitarfélaganna. Þratt fyrir að barnaverndarþjónusta væri oftast skráð sem tilvísandi þá var eða hafði verið vinnsla hjá bæði barnaverndar- og félagsþjónustu í tæplega 47% málanna eða alls 27 málum.




- Mynd 4 sýnir skiptingu tilvísana út frá landshlutum. Eins og sjá má bárust flestar tilvísanir frá Reykjavík eða alls 26 tilvísanir (44%). Frá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu bárust níu tilvísanir (15%) og frá öðrum landshlutum bárust alls 24 tilvísanir (41%). Tilvísanir bárust frá öllum landshlutum en vegna persónuverndar er fjöldi tilvísana frá hverjum landshluta fyrir sig ekki gefinn upp.






- Eins og sjá má á mynd 5 óskuðu tilvisendur í 15 tilvikum (25%) eftir ráðgjöf samkvæmt lið A, þ.e. ráðgjöf sérfræðingateymis við mat á þjónustubörf og viðeigandi þjónustu, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 38/2018 og í 13 tilvikum (22%) eftir ráðgjöf skv. lið B, þ.e. mati sérfræðingateymis á því hvort þjónusta við barn á heimili sínu sé fullreynd og þörf sé fyrir vistun utan heimilis, skv. 20. og 21. gr. laga nr. 38/2018. Í flestum tilvikum eða alls 31 (53%), var óskað eftir ráðgjöf samkvæmt hvoru tveggja, lið A og B.



A = Ráðgjöf við mat á þjónustubörf og viðeigandi þjónustu, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 38/2018


B = Mati á hvort þjónusta við barn á heimili sínu sé fullreynd og þörf sé fyrir vistun utan heimilis, skv. 20. og 21. gr. laga nr. 38/2018

- Á mynd 6 má sjá forsjá og búsetu barnanna þegar tilvísun barst sérfræðingateyminu. Foreldrar 32 barna (55%) fóru með sameiginlega forsjá, móðir fór ein með forsjá í 14 tilvikum (24%) og faðir í fjórum tilvikum (7%). Barnavernd fór með forsjá átta barna (13%).




- Flest barnanna, eða 36 talsins (62%) höfðu fulla búsetu utan heimilis þegar tilvísun barst. Þar af voru 26 börn (45%) í einkareknum búsetuúrræðum (20 í Klettabæ og sex annarsstaðar), sex börn (10%) í búsetuúrræðum á vegum sveitarfélaga og fjögur börn (7%) í fóstri. Alls bjuggu 22 börn (38%) heima hjá foreldri/foreldrum þegar tilvísun barst en af þeim dvöldu þó sjö börn að hluta til (innan við 14 sólarhringa) í öðrum búsetuúrræðum til móts við eigið heimili, eins og í skammtímavistun eða í einkareknu búsetuúrræði.

Börnin voru flest með flókin frávik í taugaþroska og oftast með þrjár greiningar eða fleiri. Á mynd 7 má sjá helstu greiningar barnanna. Lang algengustu greiningarnar eru ADHD (72%) og raskanir á einhverfurófi (71%) en mörg barnanna reyndust greind með hvoru tveggja. Þá voru 19 börn (33%) greind með lyndisraskanir, svo sem kvíða eða þunglyndi og í þó nokkrum tilvikum, eða 21% tilvika var um tengslaröskun að ræða. Alls 11 börn (19%) voru greind með þroskahömlun, þá ýmist væga, miðlungs eða alvarlega.




Í gögnum kom fram að samkvæmt tilvísunum hafði helmingur barnanna eða alls 29 börn sætt vanrækslu og/eða verið beitt ofbeldi. Á mynd 8 má sjá að upplýsingar voru ekki til staðar varðandi 12 börn (21%) en grunur um ofbeldi og/eða vanrækslu verið til staðar í fjórum tilvikum (7%).







Mynd 9 sýnir að af þeim 29 börnum, sem upplýsingar lágu fyrir um að hefðu sætt vanrækslu og/eða verið beitt ofbeldi, hafi langflest eða 26 þeirra (89%) sætt vanrækslu, 11 (38%) orðið fyrir kynferðisofbeldi, níu (31%) orðið fyrir líkamlegu ofbeldi og sex þeirra (21%) orðið fyrir andlegu ofbeldi. Þá voru upplýsingar um að fjögur þessara barna (14%) hefðu búið við heimilisofbeldi.



Þegar skoðað er hversu stórt hlutfall barnanna, sem vísað var til sérfræðingateymisins, hafði beitt annað fólk ofbeldi má sjá á mynd 10 að langflest þeirra eða alls 42 börn (72%) höfðu beitt aðra í umhverfi sínu, fullorðna eða önnur börn ofbeldi af einhverju tagi.




Á mynd 11 má sjá hvers konar ofbeldi börnin beittu. Sum barnanna kunna að hafa beitt fleiri en einni tegund ofbeldis. Ekki eru gefnar upplýsingar um hversu mörg börn beittu kynferðisofbeldi vegna persónuverndarsjónarmiða. Vert er að taka fram að talað er um að börn undir sakhæfisaldri (sem er 15 ára) sýni óviðeigandi kynhegðun og flokkast það ekki undir kynferðisofbeldi. Af börnunum 58 höfðu 14 börn (24%) sýnt slíka hegðun. Sjá má að nánast öll þau börn sem beittu ofbeldi hafa beitt aðra líkamlegu ofbeldi eða 41 af 42 börnum. Mörg barnanna eða 36% þeirra sem beittu ofbeldi, beittu bæði líkamlegu og andlegu ofbeldi en 16 þeirra (38%) beittu einungis andlegu ofbeldi. Alls fjögur börn (7%) hafa beitt vopni.



Nokkuð algengt var að þau börn sem teymið hafði til umfjöllunar stunduðu sjálfsskaða af einhverju tagi eða alls 22 börn (36%). Sum þessara barna höfðu gert tilraunir til sjálfsvígs, stundum ítrekað og þurftu jafnvel sólarhringsgæslu vegna sjálfsvígshættu.

Fæst börnin sem vísað var til teymisins voru í vímuefnaneyslu eða innan við 1% þeirra. Vímuefnavandi er því ekki partur af fjölpættum vanda barnanna nema í algjörum undantekningartilfellum.

Á mynd 12 má sjá upplýsingar er varða umsóknir í fóstur, fósturráðstafanir og fósturrof hjá þeim hópi barna sem vísað var í sérfræðingateymið. Eins og sjá má hafði verið sótt um fóstur til Barna- og fjölskyldustofu fyrir nær helming barnanna eða 27 börn (46%). Í tilvikum 12 barna (20%) hafði fósturráðstöfun ekki gengið sem skyldi og því orðið fósturrof. Þess ber að geta að ýmsar ástæður geta legið að baki fósturrofa, m.a. að forsjáraðilar neiti að skrifa undir áframhaldandi fósturráðstöfun og að fósturforeldrar treysti sér ekki til að hafa barnið vegna ofbeldishegðunar og/eða annarra hegðunarerfiðleika og barnið hættulegt sjálflu sér og umhverfi sínu. Dæmi voru um að fósturrof hafi orðið í fleiri en einu tilviki, mest í sex skipti hjá einu barni. Í málum 11 barna (19%) hafði verið sótt um fóstur en af því ekki orðið, m.a. vegna þess að umsókn var ekki samþykkt, ráðstöfun dregin til baka, ekki fundist fósturheimili sem treystu sér til að taka við barninu o.s.frv. Í þeim tilfellum sem ekki var sótt um fóstur er ekki hægt að fullyrða að fósturráðstöfun hafi ekki getað verið viðeigandi lausn á búsetu barns til skemmri eða lengri tíma.





- Á mynd 13 má sjá grófa flokkun á niðurstöðum sérfræðingateymisins í þeim málum sem teymingu bárust á árunum 2021–2023. Það vekur athygli að oft eru börnini komin í úrræði utan heimilis þegar tilvísun er send til teymisins eða undirbúningur á slíkri vistun komin í farveg. Teymið hefur þá lagt mat á hvort ástæða sé til að gera athugasemdir við þær áætlanir eða staðfesta þörf fyrir búsetu utan heimilis. Þannig voru mörg barnanna, eða 55% þeirra þegar komin í einhvers konar búsetu utan heimilis þegar tilvísun barst. Undir flokkinn „Áframhaldandi búseta utan heimilis“ falla þau börn sem sérfræðingateymið álíttur að gagnist best búseta utan heimilis í því úrræði sem barnið býr þegar í, hvort sem er til lengri eða skemmri tíma. Falla mál 21 barns (36%) undir þann lið. Í málum annarra barna sem þegar voru í búsetu utan heimilis, þ.e. í málum 11 barna (19%), mælti sérfræðingateymið með áframhaldandi búsetu utan heimilis tímabundið, en að þegar yrði hafist handa við aðlögun á eigið heimili eða í fóstur. Undir flokkinn „Föst búseta utan heimilis“, falla mál barna þar sem búseta utan heimilis er ekki hafin þegar tilvísun berst en teymið telur búsetu á eigin heimili fullreynda, í það minnsta tímabundið og leggur til (eða styður hugmyndir tilvísenda og/eða forsjáraðila) um búsetu utan heimilis. Falla mál 15 barna (26%) undir þennan flokk. Önnur mál fengu aðra viðeigandi ráðgjöf sérfræðingateymis.
- Teymið leggur áherslu á að fram komi vilji barnsins eftir því sem tök eru á, sem og afstaða foreldra til vistunar. Að auki telur teymið mikilvægt að barnið geti viðhaldið tengslum sínum við nærfjölskyldu eins og kostur er og talið er þjóna hagsmunum þess.





## 5. Nánari greining á tilvísunum og gögnum sem lögð voru til grundvallar álits teymisins

- Á þeim tíma sem hefur liðið frá því sérfræðingateymið tók til starfa í desember 2020 hefur mikið vatn runnið til sjávar. Verklag teymisins hefur verið slípað til og þekking á teyminu og hlutverki þess hefur aukist í þjónustukerfinu. Markviss upplýsingaöflun og kortlagning hópsins hefur komið að gagni við að átta sig betur á samsetningu hans og þörfum, m.a. varðandi stefnumótun og þarfagreiningu úrræða. Samhliða þessu hefur teymið reglulega tekið til umræðu stöðu barna með fjölþættan vanda og hvar helst sé skortur á úrræðum, út frá þeim gögnum og upplýsingum sem teyminu hafa borist. Ennfremur hefur teymið fylgst með umræðu um stefnumótun og þróun úrræða fyrir börn í landinu og hvernig þau gætu nýst þeim sem teymið hefur fengið til umfjöllunar. Hér fyrir neðan má líta þau atriði sem teymið hefur fjallað um með þessum hætti og telur mikilvægt að höfð séu til hliðsjónar við áframhaldandi vinnu á þessu sviði.
- Miðað við fyrirliggjandi gögn virðist vera til staðar rík þörf á úrræðum þar sem börn með fjölþættan vanda geta búið til lengri og/eða skemmri tíma. Umönnunarþörf ákveðins hóps barna er það umfangsmikil að ekki hefur verið hægt að mæta þeim nægilega vel heima fyrir með þeim úrræðum sem ríki og sveitarfélög hafa yfir að ráða. Ekki verður hér lagt mat á þau einkareknu búsetuúrræði sem hafa verið nýtt í staðinn en teymið telur að koma þurfi á fót sérhæfðum heimilum/stofnunum sem rekin eru af hinu opinbera, þar sem skýrt er hvaða forsendur liggja að baki ákvörðunum um slíka vistun og markmið með henni. Í þessu sambandi má benda á áðurnefnda skyrslu stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda, frá árinu 2023 en þar koma fram ítarlegar tillögur um úrræði. Teymið telur að framkvæmdir við uppbyggingu þeirra úrræða þurfi að hefjast án tafar.
- Skortur virðist vera á fjármagni og/eða fagfólki til að sinna þjónustu inni á heimilum barna og fjölskyldna, t.d. tilsjón, hagnýtri uppeldisráðgjöf og fræðslu til forsjáraðila. Sum sveitarfélög hafa þannig átt í erfiðleikum með að ráða fagfólk til að starfa inni á heimilum og erfiðleikar barna og foreldra því vaxið til muna. Dæmi eru um að grípa þurfi til vistunar utan heimilis, án þess að úrræðum sem hefðu haft í för með sér talsvert minni inngríp í aðstæður fjölskyldunnar hafi verið beitt, þar sem ekki tókst að finna fólk til að sinna þeim störfum.
- Börn með formlega fötlunargreiningu (t.d. þroskahömlun) eiga rétt á ákveðnum þjónustuúrræðum á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þar má nefna sem dæmi stuðningsfjölskyldur og skammtímovistun. Hins vegar virðist víða vera skortur á úrræðum af þessu tagi. Slík úrræði geta verið afar mikilvæg til að styðja við foreldra og börn, efla félagslega þátttöku og draga úr líkum að börn þurfi að vistast alfarið utan heimilis. Mikilvægt er að fagfólk komi að rekstri þessara úrræða og daglegu starfi þeirra. Einnig virðist vera skortur á sérhæfðum úrræðum fyrir þennan hóp barna ef þau þróa með sér vanda eins og geðræna erfiðleika og krefjandi hegðun, m.a. ef þeim er ekki mætt á viðeigandi hátt út frá þörfum strax í barnæsku. Það þarf að vera til staðar grunnþjónusta sem hefur almenna og heildræna þekkingu á þeim þáttum sem geta leitt til fjölþætts vanda hjá börnum með fatlanir og birtingarmynd vandans út frá aldurskeiði, taugaþroska og vitsmunalegri færni, sem og viðeigandi úrræðum fyrir þennan hóp.
- Í mörgum tilvikum virðist hafa verið gott samstarf milli forsjáraðila og þjónustuaðila en stundum koma fram upplýsingar um áhyggjur af aðbúnaði barnanna á heimili og skort á samvinnu við forsjáraðila. Þess eru einnig dæmi að umönnun barns krefjist mjög mikils af foreldrum og þeir treysti sér ekki til að hafa barnið áfram inni á heimilinu, þrátt fyrir að úrræði inni á heimili séu ef til vill ekki fullreynd. Í þeim tilvikum getur það verið mat teymisins að vistun utan heimilis sé betri kostur fyrir barnið í stað þess að búa heima en á sama tíma sé mikilvægi þess ljóst að barnið búi við eins hefðbundnar fjölskylduaðstæður og mögulegt er, til dæmis í fóstri. Teyminu þykja valdheimildir þess stundum óljósar m.t.t. hlutverks



þess annars vegar og barnaverndaryfirvalda hins vegar, sbr. þau úrræði um vistun utan heimilis sem eru tilgreind í barnaverndarlögum og skilyrði fyrir beitingu þeirra. Það væri því æskilegt að greina betur á milli hlutverks teymisins annars vegar og barnaverndaryfirvalda hins vegar, sérstaklega í málum þar sem barnaverndarafskipti hafa verið til staðar.

- Hluti barnanna hefur verið vistaður í fóstri á einhverjum tímapunkti og stundum hefur verið um vistun á fleiri en einu fósturheimili að ræða. Í sumum tilvikum hafa átt sér stað ítrekuð fósturrof, sem veldur teyminu áhyggjum af líðan þeirra barna og afleiðingum þess á þroska þeirra að þurfa endurtekið að tengjast nýjum fósturforeldrum. Oft hafa verið miklar áskoranir í samskiptum fósturforeldra og barns og barn ítrekað sýnt af sér alvarlega ofbeldishegðun eða verið ógnandi í samskiptum en fósturforeldrar eru bundnir ströngum skilyrðum varðandi líkamleg inngríp. Einnig er algengt að börnin geri tilraunir til að strjúka úr fóstri. Mikilvægt er að gera úrbætur á þessu, svo auka megi líkurnar á því að fósturráðstöfun mæti þörfum barns og hægt sé að skapa aðstæður sem líkjast hefðbundnum heimilum eins og unnt er. Nauðsynlegt er að fósturforeldrar eigi kost á sérhæfðri fræðslu, handleiðslu og ráðgjöf um þær áskoranir og skerðingar sem barn býr við. Ennfremur er mikilvægt að þegar barn er vistað í fóstur sé staðsetning m.a. valin út frá góðu aðgengi að sérhæfðri skóla- og heilbrigðisþjónustu á því svæði.
- Vegna skorts á sérhæfðum úrræðum fyrir þennan hóp barna hefur stundum þurft að grípa til úrræða sem ekki eiga við, m.a. til að tryggja öryggi þeirra og annarra eða vegna síendurtekenna strokutilrauna. Í flestum tilvikum hefur þá verið gripið til neyðarvistunar á Studlum, þrátt fyrir að þau glími ekki við vímuefnavanda eða falli að öðru leyti að þeim markhópi sem það úrræði er ætlað fyrir. Á sama tíma eru þau ekki að fá sérhæfða þjónustu við sitt hæfi.
- Þegar barn glímir við svo mikinn vanda að það geti að svo stöddu ekki verið inni á hefðbundnu heimili en vaktskipt búsetuúrræði þykir of mikil inngríp, þarf að þróa úrræði sem brúa bilið þarna á milli. Þá þarf að hafa í huga hverjar þarfir barns og fjölskyldu eru hverju sinni, t.d. út frá aldri barns og tengslum þess við sína nánustu. Um gæti verið að ræða meðferðarfóstur eða sérhæft úrræði sem líkist sem mest hefðbundnu heimili, til dæmis þar sem ákveðnir starfsmenn eru heimilisfastir.
- Stundum eru börn og ungmenni vistuð í vaktskiptu búsetuúrræði vegna sögu um alvarlega ofbeldishegðun og/eða hótanir um slíkt. Í sumum tilvikum hafa börnin dvalið árum saman í úrræðinu því þau eru ekki talin geta verið úti í samfélagini án þess stuðnings og gæseli sem vaktskipt búsetuúrræði býður upp á, án þess að dómkólar hafi haft milligöngu þar um. Óljóst getur verið hvað tekur við eftir að 18 ára aldri er náð. Teymið bendir á að mikilvægt er að hafa skýrar og markvissar áætlanir til staðar um vistun af þessu tagi, þar sem reglugæð fer fram mat á stöðunni og þörf fyrir áframhaldandi vistun, sem og áætlanir um framtíðarúrræði fyrir þessi börn. Skilgreina þarf þær leiðir sem þarf að fara til að efla þroska þeirra og færni til að taka þátt í samfélagini, að því marki sem hægt er. Það er brýnt að fyrir liggi skýrar leiðir til að meta áhættu af hegðun barnanna og þátttöku þeirra í samfélagini.
- Skortur á úrræðum ríkis og sveitarfélaga í nærumhverfi barna gerir það að verkum að starfsfólk félagsþjónustu og barnaverndar hefur fáa aðra kosti en að nýta kostnaðarsöm einkarekin úrræði sem rekin eru á höfuðborgarsvæðinu og sum börn þurfa því mögulega að fara langt frá fjölskyldu sinni, þ.e. ef þau eru búsett úti á landi. Það þyrfti að huga betur að stuðningi við sveitarfélögini eða landshluta til að geta haft úrræði af þessu tagi nær fjölskyldunni.
- Á grundvelli gagna í þeim málum sem teymið hefur fjallað um virðast oft vera til staðar frávik í taugabroska sem uppgötvast seint, þar sem mögulega hefði verið hægt að stíga fyrr inn í til að mæta barni og fjölskyldu þess á viðeigandi hátt. Greining á aðstæðum barns er forsenda markvissrar og viðeigandi íhlutunar. Teymið telur þörf að fylga mjög stöðugildum fagaðila hjá sveitarfélögum og í heilbrigðiskerfinu sem hafa sérþekkingu á geðrænum vanda og þroskafrá-



víkum barna. Viðkomandi þurfa að hafa tækifæri, reynslu og þekkingu til að finna börnin fyrr, en með því móti væri hægt að stíga fyrr inn og veita börnunum og forsjáraðilum þeirra íhlutun, stuðning og ráðgjöf til lengri tíma. Að sama skapi er brýnt að efla þær stofnanir sem veita þjónustu í formi greiningar og ráðgjafar til þessara barna, fjölskyldna þeirra og þjónustuaðila í nærumhverfi. Í þessu sambandi má nefna þróunarverkefni Ráðgjafar- og greiningarstöðvar annars vegar og þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu hins vegar. Í verkefninu er skimað fyrir einkennum einhverfu hjá börnum við 18 mánaða aldur og ef grunur um einhverfu vaknar er þeim vísað á Ráðgjafar- og greiningarstöð í frekari athugun. Tölulegar niðurstöður benda til að mikill meirihluti barnanna sem vísað er til Ráðgjafar- og greiningarstöðvar í framhaldi af skimun greinist á einhverfurófi eða 86% og í heild greinast 95% barnanna með frávik í taugaþroska sem kalla á íhlutun og þjónustu. Hugmyndafræði snemmtærkar íhlutunar byggir á því að hefja íhlutun sem allra fyrst eftir að grunur um þroskafrávik vaknar, og í því ljósi er skimun af þessu tagi mjög mikilvæg aðferð til að finna þroskafrávik barna mun fyrr en ella hefði verið og geta gripið fyrr inn í með markvissum hætti.

- Að mati teymisins kemur á óvart hversu hátt hlutfall barnanna hefur sætt vanrækslu og/eða orðið fyrir ofbeldi og á jafnvel að baki langa áfallasögu. Hluti þeirra hefur einnig valdið sjálfum sér skaða eða gert tilraunir til að taka eigið líf. Mikilvægt er að börnin fái langvarandi og sérhæfða aðstoð/meðferð til að draga úr áhrifum þessa á hegðun og líðan. Eins er mikilvægt að starfsfólk sem vinnur með börnum og unglungum fái fræðslu um ofbeldi og áfallamiðaða nálgun í starfi. Það er einnig brýnt að þetta sé ávarpað í þeim lögum sem fjalla um málefni barna.
- Greining á tilvísunum til sérfræðingateymisins bendir til að umræddur hópur barna muni þurfa umtalsverða geðheilbrigðispjónustu í framtíðinni. Einnig er ljóst að þessi hópur muni þurfa búsetu, félagslega þjónustu, stuðning og aðstoð við flesta þætti daglegs lífs, eins og virkni, sjálfshjálp, sjálfsmýnd og líðan.



## 6. Niðurlag

- Frá þeim tíma sem áðurnefnd skýrsla starfshóps frá 2013 kom út hefur til skamms tíma lítið áunnist í að bæta þjónustu við umræddan hóp barna og byggja upp úrræði bæði af hálfu ríkis og sveitarfélaga. Afleiðingarnar hafa verið þær að einkaúrræði hafa fyllt í eyður í kerfinu með tilheyrandi kostnaði sem virðist lenda mest á sveitarfélögunum.
- Að undanförnu hafa þó komið tillögur um úrbætur á þjónustu við þennan hóp, m.a. í áðurnefndri skýrslu stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölbættan vanda, sem var gefin út árið 2023 og skýrslu um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk, sem kom út árið 2024.
- Í skýrslu stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölbættan vanda, frá 2023, koma m.a. fram tillögur um stig-skiptan búsetukjarna fyrir allt að 15 börn, meðferðarfóstur fyrir 20–30 börn, sérhæfða skammtímadvöl eða hvíldarinnlögn fyrir 8–10 börn og vistunareiningu fyrir 3–4 börn með alvarlegan hegðunarvanda. Að auki er lögð áhersla á að efla úrræði sem miða að sérhæfðri þjónustu inn á heimili og forvarnir.
- Í skýrslu frá 2024 um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk er fjallað um málefni barna og ungmenna með fjölbættan vanda. Þar er lögð áhersla á að koma fram með lagalega skilgreiningu á hópnum og endurskoða lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem hópinn varða með tilliti til þess. Rætt er um að skilgreina hvaða aðilar skulu meta þjónustuþarfir barna og ungmenna, sem og hlutverk þeirra og viðmið á hverju þjónustustigi. Lögð er áhersla á að 3. stigs þjónusta við börn með fjölbættan vanda sé samræmd og heildstæð á landsvísu og gerðir séu mælikvarðar og viðmið við framkvæmd á þjónustunni, auk leiðarvísa eða vegakorts um vinnslu og ferli mála. Lagt er til að ábyrgð og framkvæmd þjónustu við börnin sé á höndum eins aðila. Þannig sé þjónusta á 1. og 2. þjónustustigi á borði sveitarfélaga en ríkið taki yfir ábyrgð og fjármögnun vegna þjónustu við börn og ungmenni með fjölbættan vanda sem þurfa 3. stigs þjónustu. Mikilvægt sé að tryggja fagleg viðmið þegar börn flytjast á milli þjónustustiga, þ.e. sveitarfélags og ríkis. Einnig er rætt um að endurskoða hlutverk og heimildir sérfræðingateymis um málefni barna með fjölbættan vanda.
- Sérfræðingateymið fagnar þessum tillögum og telur að þær geti orðið til að bæta verulega úr þjónustu við þennan hóp barna. Teymið vill áréttu mikilvægi þess að koma þessum tillögum til framkvæmda tafarlaust.



## Heimildaskrá

Stjórnarráðið (2023). Skýrsla stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölbættan vanda <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/skyrsla-styrihops-fyrirkomulag-thjonustu-born-fjolthaett-an-vanda-agu-2023.pdf>

Stjórnarráðið (2024). Kostnaðar- og ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk. [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrlur-og-skrar/Kostnadar\\_og\\_abyrgdarskipting\\_rikis\\_og\\_sveitarfelaga\\_i\\_malefn-um\\_fatlads\\_folks\\_afangaskyrla\\_ll.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrlur-og-skrar/Kostnadar_og_abyrgdarskipting_rikis_og_sveitarfelaga_i_malefn-um_fatlads_folks_afangaskyrla_ll.pdf)

Umboðsmaður Alþingis (2024). Heimsóknarskýrsla Klettabær. Frumskýrsla um einkarekin búsetuúrræði fyrir börn. <https://www.umbodsmadur.is/asset/10357/opcat-skyrla-klettabaer.pdf>

Umboðsmaður Alþingis (2024). Heimsóknarskýrsla Vinakot. Frumskýrsla um einkarekin búsetuúrræði fyrir börn. <https://www.umbodsmadur.is/asset/10358/opcat-skyrla-vinakot.pdf>

Velferðarráðuneytið (2013). Skýrsla nefndar um samhæfða þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir.

Velferðarráðuneytið (2016). Mat á árangri af starfi ráðgefandi sérfræðingateymis um þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir.

Lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Lög nr. 86/2021 um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

## Viðauki 1



**Verklag við ráðgjöf og afgreiðslu umsókna til sérfræðingateymis sem starfar í samræmi við 20. gr. laga nr. 38/2018 um viðeigandi þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir.**

1. Ráðgjöf: Starfsmenn sérfræðingateymis eru ráðgefandi við sveitarfélög um viðeigandi þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir og aðstoða sveitarfélög við að meta hvort tímabært sé að senda inn umsókn til sérfræðingateymis.
  - 2. Innsending umsókna: Sveitarfélög senda umsókn og fylgiskjöl í gegnum Signet Transfer skráarskipti til Barna- og fjölskyldustofu á gátt merkt sérfræðingateymi eða bréfpósti.
    - Umsóknareyðublað er hægt að nálgast á heimasiðu Barnaverndarstofu sem og nánari upplýsingar um teymið.
  - 3. Móttaka umsókna: Skjalastjóri Barna- og fjölskyldustofu sækir umsóknir inn á gátt sérfræðingateymis eða úr bréfpósti, skannar skjölin inn í GoPro gagnavörslukerfi Barna- og fjölskyldustofu og sendir tilkynningu á starfsmenn teymisins um að ný umsókn hafi borist.
  - 4. Vinnsla umsókna: Starfsmenn teymisins fara yfir umsóknir, skoða hvort allar upplýsingar komi fram á umsóknareyðublaði og hvort viðeigandi fylgiskjöl fylgi umsókninni.
    - a. Ef umsókn er metin ófullnægjandi eða fylgiskjöl vantar senda starfsmenn teymisins tölvupóst á tilvísanda og óska eftir viðbótargögnum. Umsókn er tekin til vinnslu þegar gögn berast samkvæmt b-lið.
    - b. Ef umsókn er metin fullnægjandi eru gögnin send á sérfræðingateymið í gegnum Signet Transfer skráarskipti.
  - 5. Umfjöllun málss: Sérfræðingateymið fundar um málið.
    - a. Teymið metur að upplýsingar séu fullnægjandi og leggur til drög að áliti.
    - b. Teymið metur að nánari upplýsingar þurfi að liggja fyrir. Starfsmenn teymisins óska eftir nánari upplýsingum frá tilvísanda. Teymið fundar aftur um mál eftir að gögn hafa borist og leggur til drög að áliti.
    - c. Teymið metur að fjalla þurfi nánar um upplýsingar sem liggja fyrir með samtali við tilvísanda. Starfsmenn teymisins óska eftir fundi með tilvísanda. Teymið fundar aftur um mál eftir fund með sveitarfélagi og leggur til drög að áliti.
  - 6. Álit sérfræðingateymisins: Starfsmenn teymisins skrifa álitsbréf sem sent er á sérfræðingateymið til yfirlestrar og að lokum til rafrænnar undirritunar í gegnum Signet.
  - 7. Svar til sveitafélaga: Álitsbréf sérfræðingateymisins er sent til tilvísanda í gegnum Signet Transfer skráarskipti. Álitsbréf og staðfestingarbréf um móttöku er vistað í GoPro gagnagrunni Barna- og fjölskyldustofu ásamt því að útprentað eintak er sett í skjalavörslu Barna- og fjölskyldustofu.
    - a. Starfsmenn teymisins senda tölvupóst á tilvísanda um að skjal hafi verið sent í gegnum Signet Transfer og tilvísanda er um leið boðið að hafa samband við starfsmenn teymisins ef spurningar vakna eða ef tilvísandi vill ræða niðurstöðuna.
    - b. Ef tilvísandi óskar eftir nánari útskýringum eða samtali boða starfsmenn Barna- og fjölskyldustofu til fundar með tilvísanda.



## Viðauki 2

Félags- og barnamálaráðherra hefur skipað sérfræðingateymi sem skal vera sveitarfélögum til ráðgjafar um viðeigandi þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir sem þurfa á annars konar og meiri þjónustu að halda en unnt er að veita á heimili fjölskyldna þeirra í samræmi við 20. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

### Sérfræðingateymið skipa:

Guðrún Þorsteinsdóttir, svíðsstjóri hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Formaður.  
Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, yfirlæknir á Barna- og unglingsageðdeild Landspítalans.  
Halldór Hauksson, svíðsstjóri meðferðar- og fóstursviðs hjá Barnaverndarstofu.  
Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

### Hlutverk teymisins er tvíþætt:

- Að veita sveitarfélögum ráðgjöf við mat á þjónustupörf og viðeigandi þjónustu, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 38/2018.
- Að leggja mat á hvort þjónusta við barn á heimili fjölskyldu þess eða öðru heimili í nærsamfélagi þess sé fullreynð og þörf sé fyrir vistun utan heimilis í sérsniðnu úrræði, skv. 20. og 21. gr. laga nr. 38/2018.

Áður en leitað er ráðgjafar sérfræðingateymis skal hafa verið gert heildstætt mat á þjónustupörf barns, sbr. 3. mgr. 31. gr. og einstaklingsbundin þjónustuáætlun, skv. 19. gr. laga nr. 38/2018. Jafnframt skal hafa verið veittur stuðningur í samræmi við þarfir barns, með það að markmiði að barn getið búið heima, þar með talin skammtímadvöl og/eða annar stuðningur sem fjallað er um 13.–19. gr. sömu laga. Loks er æskilegt að leitað hafi verið ráðgjafar hjá ráðgjafar- og fræðslusviði Barna- og fjölskyldustofu, ef við á, um það hvort úrræði á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 eigi við.

### Framkvæmd:

Sérfræðingateymið fær þjónustu frá sérfræðingum á Barna- og fjölskyldustofu, sem jafnframt eru tengiliðir við teymið, halda utan um málaskrá og samskipti við sérfræðinga sveitarfélaganna vegna beiðna um ráðgjöf. Sveitarfélög geta óskað eftir ráðgjöf teymisins með því að fylla út meðfylgjandi umsóknareyðublað, sem hægt að nálgast á heimasíðu Barna- og fjölskyldustofu, og senda ásamt fylgigögnum í pósti til Barnaverndarstofu eða í gegnum Signet Transfer á netfangið teymi@bvs.is.

Ef óskað er frekari upplýsinga um starfsemi teymisins er hægt að hafa samband við tengiliði sem eru:

Sandra G. Zarif, sálfræðingur hjá Barna- og fjölskyldustofu, sandra.gudlaug.zarif@bvs.is

Ásdís S. Ásgeirs dóttir, lögfræðingur hjá Barna- og fjölskyldustofu, asdis.sigridur.asgeirs dottir@bvs.is

Teymið heldur reglulega samráðsfundi, fer yfir og leggur mat á innsend gögn, hefur samráð við og leitar eftir atvikum viðbótar-upplýsinga hjá tilvísanda og sendir sveitarfélagi niðurstöður sínar og tillögur í leiðbeinandi greinargerð.

# Viðauki 3



BARNAVERNDARSTOFA

**Beiðni um ráðgjöf sérfræðingateymis, skv. lögum nr. 38/2018,  
vegna barna með fjölpættan vanda og barna sem vegna fötlunar sinnar þurfa  
annars konar og meiri þjónustu en unnt er að veita á heimili fjölskyldna þeirra**

1. Tilvísandi: smelltu hér til að skrifa heiti tilvísunaraðila Starfsmaður: smelltu hér til að skrifa nafn málstjóra Netfang starfsmanns: smelltu hér til að skrifa netfangið
2. Nafn barns: smelltu hér til að skrá nafn Kennitala: smelltu hér til að skrá kt Kyn: <input type="checkbox"/> kk <input type="checkbox"/> kvk <input type="checkbox"/> annað Lögheimili: skráðu heimilisfang barns hér
3. Barn af erlendum uppruna (Annað foreldri eða báðir foreldrar af erlendum uppruna EDA barn á annað fyrsta móðurmál en íslensku) <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
4. Nafn foreldris (forsjáraðila) 1: smelltu hér til að skrá nafn Kennitala: smelltu hér til að skrá kt      sími: smelltu hér til að skrá síma Lögheimili: smelltu hér til að skrá lögheimili Nafn foreldris (forsjáraðila) 2: smelltu hér til að skrá nafn Kennitala: smelltu hér til að skrá kt      sími: smelltu hér til að skrá síma Lögheimili: smelltu hér til að skrá lögheimili
5. Nafn forsjárlauss foreldris 1 smelltu hér til að skrá nafn Kennitala: smelltu hér til að skrá kt Lögheimili: smelltu hér til að skrá lögheimili Nafn forsjárlauss foreldris 2 smelltu hér til að skrá nafn Kennitala: smelltu hér til að skrá kt Lögheimili: smelltu hér til að skrá lögheimili
6. Barn býr: Smelltu hér til að velja eitt af eftirfarandi <input type="checkbox"/> Hjá öðrum: skráðu hér hjá hverjum

7. Hvers konar ráðgjöf er óskað eftir?  
a. Ráðgjöf við mat á þjónustubörf og viðeigandi þjónustu, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 38/2018.  
b. Mati sérfræðingateymis á því hvort þjónusta við barn á heimili sínu sé fullreynð og þörf sé  
fyrir vistun utan heimilis, skv. 20. og 21. gr. laga nr. 38/2018.

*Áður en leitað er ráðgjafar sérfræðingateymis skal hafa verið gert heildstætt mat á þjónustubörf barns, sbr. 3. mgr. 31. gr., og einstaklingsbundin þjónustuáætlun, skv. 19. gr. laga nr. 38/2018.  
Ef sött er um mat hvort börf sé á vistun/búsetu utan heimilis skal fylgja einstaklingsbundin þjónustuáætlun sem lýsir fyrirhugaðri þjónustu við barn og hverju sú þjónusta komi til með að bæta við miðað við núverandi þjónustu. Jafnframt skal hafa verið veittur stuðningur í samræmi við þarf barns, með það að markmiði að barn getið búið heima, þar með talin skammtimadvöl og/eða annar stuðningur sem fyllað er um 13.-19. gr. sömu laga. Loks er æskilegt að leitað hafi verið ráðgjafar hjá ráðgjafar- og fræðslusviði Barnaverndarstofu, ef við á, um það hvort úrrædi á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 eigi við.*



8. Greinargerð: Fjalla skal um tímabil og tegund, árangur og helstu hindranir í þjónustu við barn og forsjáraðila. Ekki þarf að endurtaka ítarlega heldur er nægilegt að vísa í upplýsingar sem fram koma í fylgiskjölum.

a. Fram skulu koma upplýsingar á tímalínu um:

- Heildstætt mat á þjónustubörf, sbr. 3. mgr. 31. gr. laga nr. 38/2018, og
- einstaklingsbundna þjónustuáætlun, sbr. 1. mgr. 19 gr. laga nr. 38/2018.
- Þjónustu við barn, eftir því sem við á, hjá félagsþjónustu, barnavernd, heilbrigðisþjónustu, sérfræðiþjónustu skóla, sjálfstætt starfandi sérfræðingum, Þroska- og hegðunarstöð, BUGL, Greiningar- og ráðgjafarstöð eða öðrum, sbr. 2. mgr. 19 gr laga nr. 38/2018.
- eins og kostur er þá þjónustu sem barn og forsjáraðilar hafa fengið hjá öðrum sveitarfélögum.

Í ofangreindri umfjöllun skulu koma fram upplýsingar um alla eftirfarandi áhættu- og verndandi þætti, eftir því sem við á hjá barni og/eða forsjáraðilum:

- Félagslegar aðstæður og fjölskylduhagir
- Námsstaða, skólasókn
- Félagahópur, tómstundaiðkun
- Heilsufar og þroski
- Áfallasaga barns, ofsbeldi og/eða vanræksla
- Ofsbeldishegðun
- Vímuefnaneysla
- Lögregluafskipti

b. Gera skal grein fyrir hvort hefur verið SIS-C mat á stuðningsþörf barns eða áhættumat? Ef ekki, tilgreinið ástæðu. (Sveitarfélag getur sótt um að gert sé SIS-C mat á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins).

c. Gera skal grein fyrir hvort forsjáraðilar og barn eru eða hafi verið til umfjöllunar á grundvelli barnaverndarlaga. Ef svo er skal fjalla um hvort barn hafi verið vistað utan heimilis í úrræðum á vegum sveitarfélags, annarra sveitarfélaga eða Barnaverndarstofu.

9. Viðhorf og afstaða foreldra og barns, ef tilvísandi telur að þjónusta við barn á heimili sínu sé fullreynd og þörf sé fyrir vistun utan heimilis.

10. Eftirtalin fylgiskjöl skulu fylgja umsókn:

- Skjöl sem vísað er til í greinargerð. Athugið að fylgja skulu frumskjöl frá greiningar- og meðferðaraðilum.
- Ef mál hefur verið til umfjöllunar á grundvelli barnaverndarlaga: Greinargerð um niðurstöðu könnunar og gildandi/nýjasta áætlun um meðferð máls, sbr. 23. gr. barnaverndarlaga ásamt, ef við á, áætlun um trygga umsjá barns, sbr. 33. gr. laganna.

